



Körfuknattleiksdeild UMFN



FYRIRMYNDARFÉLAG ÍSÍ



Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
1. Skipulag félags og deildar	4
1.1 Skipurit	4
1.2 Skipulag	4
1.3 Skipan meistaraflokksráðs KKD UMFN 2023-2024.....	5
1.4 Skipan Unglingaráðs KKD UMFN 2023-2024	5
2 Markmið	5
2.1 Fjármálaleg markmið:	6
2.2 Félagsleg markmið:	6
2.3 Íþróttaleg markmið:.....	6
3. Umgjörð þjálfunar og keppni hjá unglingaráði deildarinnar	7
3.1 Kennsluskrá.....	8
4. Fjármálastjórn.....	21
4.1 Fjárhagsáætlun meistaraflokksráðs	22
4.2 Fjárhagsáætlun unglingaráðs	22
5. Þjálfaramenntun.....	22
5.1 Þjálfarar félagsins	22
5.2 Samráð og samstarf þjálfara unglingadeildar.....	24
6. Félagsstarf.....	24
7. Foreldraráð	25
8. Fræðslu- og forvarnastarf.....	25
Stefna félagsins í fræðslu og forvarnarmálum	25
STEFNUYFIRLÝSING ÍSÍ UM FORVARNIR OG FÍKNIEFNI.....	26
Einelti	27
Stefna félagsins varðandi kynferðislega áreitni/ofbeldi	27
Viðbrögð félagsins varðandi kynferðislegt áreiti/ofbeldi.....	28
Jafnréttismál.....	28
Jafnréttisáætlun	28
Persónuvernd	28
Umhverfismál	32
Umhverfisstefna.....	32
Fylgiskjal 1.....	32



INNGANGUR

Körfuknattleiksdeild UMFN er rekin í tvennu lagi, meistaraflokksráð og unglingaráð. Unglingaráð hefur starfað með aðskildum rekstri frá meistaraflokksráði frá árinu 1988. Innan Unglingaráðs eru starfræktir yngri flokkar fyrir börn upp að 18 ára aldri.

Þátttaka barna í skipulögðu íþrótta- og félagsstarfi skipa stóran sess í þroska og uppeldi barna. Körfubolti er ein af þeim íþróttagreinum sem hentar börnum vel, jafnt strákum sem stelpum. Mikilvægt er að standa vel að öllum málum er varða skipulag og framkvæmd starfs í kringum íþrótta- og tómstundastarf. Ábyrgt fólk þarf að vera í stjórnunarstöðum en einnig þarf góðan stuðning frá foreldrum og bæjarfélaginu, svo hægt sé að ná árangri bæði innan vallar sem utan.

Körfuknattleiksdeildin hefur lagt mikið kapp á að bæta stöðugt sín vinnubrögð, vinna ávallt að því að gera gott starf enn betra og líta á það sem betur má fara sem sóknartækifæri. Með þetta að leiðarljós getum við alið upp betri einstaklinga og sterkari liðsheild. Mikil áhersla er lögð á að iðkendur félagsins temji sér góðan aga og heilbrigt líferni.

Körfubolti er ekki aðeins heilsusamleg íþrótt, andlega sem líkamlega, heldur er hún einnig kjörinn vettvangur fyrir börn að kynnast nýju fólki eða kynnast skólafélögum og jafnöldrum sínum með nýjum hætti.


Unglingaráð hefur stuðst við ákveðna kennsluskrá síðan árið 2002 þar sem koma fram markmið þjálfunar í hverjum flokki fyrir sig. Allir þjálfarar félagsins styðjast við þessa kennsluskrá sem yfirþjálfari félagsins heldur utan um og einnig fundar yfirþjálfari reglulega með þjálfurum þar sem ýmis mál eru rædd er tengjast þjálfuninni. Yfirþjálfari deildarinnar hefur umsjón með því að þjálfarar vinni eftir kennsluskrá og fylgi stefnu félagsins. Með kennslu- og æfingaskrá er tryggt að unnið sé markvisst að markmiðum félagsins og einnig er lögð áhersla á að allir þjálfarar styðjist við sömu vinnureglur, s.s. taki eins á agamálum svo eitthvað sé nefnt. Í þjálfaramálum höfum við markvisst unnið að því undanfarin ár að fá til starfa menntað fólk. Deildin hefur jafnframt greitt námskeiðsgjöld fyrir þjálfara óski þeir að sækja námskeið sem nýtast þeim í þjálfun og hvatt þá til að sækja þau námskeið. Yngstu hóparnir í þjálfun eru með aðalþjálfara sem og aðstoðarþjálfara þar sem fjöldi iðkenda er oft mikill í þessum hópum og því mikilvægt að vel sé haldið utan um hópinn. Miðað er við einn aðstoðarþjálfara á hóp 10-15 allrei færri en tveir aðstoðarþjálfari ef iðkendafjöldinn fer yfir 18.

Körfuknattleiksdeild UMFN stiður sig við þær siðarreglur sem félagið setur og eru samþykktar af aðalstjórn félagsins. <https://umfn.is/reglur-um-fjaraflanir/#sidareglur>



1. SKIPULAG FÉLAGS OG DEILDAR

1.1 SKIPURIT



1.2 SKIPULAG

- Körfuknattleiksdeildin er deild innan Ungmennafélags Njarðvíkur, sem er aðili að Íþróttabandalagi Reykjanesbæjar. Lög félagsins eru jafnframt lög deildarinnar.
- Stjórn Körfuknattleiksdeilda er skipuð formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera auk meðstjórnenda og varamanna. Stjórnin hefur yfirumsjón með bæði meistaraflokki karla og kvenna. Undir stjórn körfuknattleiksdeildarinnar starfar svo Unglingaráð sem hefur umsjón með og rekur alla yngri flokka félagsins fyrir iðkendur 18 ára og yngri. Ekki hefur verið fulltrúi



frá ungu fólki í stjórn en við stjórnarskipti í lok tímabils verður leitað eftir því að fá fulltrúa og/eða áheyrnarfulltrúa til starfa með stjórn deildarinnar. Búið er að ræða við iðkendur í elstu flokkum félagsins um að taka þátt í starfi deildarinnar með þessum hætti við jákvæðar undirtektir þeirra. Bæði kyn munu því eiga áheyrnarfulltrúa í stjórn.

- c) Unglingaráð er fjárhagslega sjálfstætt og hefur tekjur af æfingagjöldum, ágóða minniboltamóts (haldið með Keflavík) og öðrum fjáröflunum sem eru í samráði við KKD UMFN sem og aðalstjórn Ungmennafélagsins.

1.3 SKIPAN MEISTARAFLOKKSRÁÐS KKD UMFN 2023-2024

- Halldór Karlsson – formaður
- Hafsteinn Sveinsson – varaformaður
- Vala Vilhjálmsdóttir – gjaldkeri
- Jón Haukur Hafsteinsson – ritari
- Eyrún Ósk Elvarsdóttir – meðstjórnandi
- Geirný Geirsdóttir – meðstjórnandi
- Ólafur Bergur Ólafsson – meðstjórnandi

1.4 SKIPAN UNGLINGARÁÐS KKD UMFN 2023-2024

- Jón Björn Ólafsson – formaður
- Anna Hulda Einarsdóttir - varaformaður
- Magnea Ósk Waltersdóttiri - gjaldkeri

Meðstjórnendur:

- Sigurbjörn Grétarsson
- Guðjón Helgi Gylfason
- Guðmundur Helgi Albertsson
- Lára Woodhead
- Ólafur Tryggvi Eggertsson
- Lárus Ingi Magnússon
- Sigbrúður Sigurðardóttir
- Atli Már Ragnarsson
- Bryndís Kristinsdóttir
- Gunnhildur Gunnarsdóttir
- Guðni Sigurbjörn Sigurðsson

Yfirþjálfari er Logi Gunnarsson



Helstu markmið:

Körfuknattleiksdeildin vinnur eftir settum markmiðum. Markmiðunum er skipt í þrjá flokka, fjárhagsleg markmið, félagsleg markmið og síðast en ekki síst íþróttaleg markmið.

2.1 FJÁRMÁLALEG MARKMIÐ:

Helsta markmið deildarinnar í fjármálum er að reka deildina “réttu megin við núllið, að gjöld séu ekki meiri en tekjur á hverju fjárhagsári. Deildin leitast við að hafa æfingagjöld eins ódýr og kostur er, án þess þó að taprekstur verði. Eins er leitast við að afla styrkja úr nærsamfélaginu sem og fara í fjáraflanir.

Til þess að halda þessu markmiði þarf að skipuleggja veturinn vel og gera fjárhagsáætlun út frá fyrirséðum útgjöldum og tekjum.

Leiðir til að fylgja markmiðunum eftir:

- Gera fjárhagsáætlunar og regluleg stöðumat á þeim tekjum og gjöldum sem miðað var við í upphaflegri áætlun.

2.2 FÉLAGSLEG MARKMIÐ:

- Deildin leggur áherslu á að koma til móts við alla iðkendur frá unga aldri, bæði þá sem eru fljótari að ná tökum á íþróttinni og þá sem eru ekki eins snöggir til. Deildin telur að allir einstaklingar séu mikilvægir og hvort heldur séu um afreksmenn að ræða eða þá sem leggja mesta áherslu á að vera hluti af hóp og vera í góðum félagsskap. Með því byggjum við upp samfélag félagsmanna sem geta bæði orðið leikmenn í meistaraflokkum félagsins, dómara, þjálfara og jafnvel stjórnarmenn.
- Deildin leggur áherslu á að íþróttir séu vettvangur jákvæðra samskipta þar sem iðkendur upplifa jákvæða gagnrýni og leiðsögn.
- Deildin leggur áherslu á að efla sjálfsmynd og andlega vellíðan ekki síður en þá líkamlegu með öflugu starfi sínu.

Leiðir til að fylgja markmiðunum eftir:

- Reglulegt mat á starfsháttum
- Þjálfarafundir, þar sem farið er yfir dagskrá hópanna (annað starf en æfingar og keppni)

2.3 ÍÞRÓTTALEG MARKMIÐ:



Stefnan er sett á að vera fyrirmyndarfélag, sem hefur vel skipulagt og vel ígrundað starf að leiðarljósi, jafnt fyrir drengi sem stúlkur. Hæfir leiðbeinendur sem stuðla að raunverulegum framförum iðkenda eru undirstaða fyrir árangursríku starfi.

10 ára og yngri:

Hjá 10 ára og yngri er lögð mikil áhersla á að allir fái að vera með og njóti sín í leik. Áherslan á sigur vikir fyrir félagsandanum og reynt er að gera öllum til hæfis.

11 ára og eldri:

Frá 11 ára aldri er áherslan á keppni aukin, og farið er að að vinna út frá afreksstefnu. Félagið hefur verið sigursælt á undanförnum árum í yngri flokkum og fjölmargir einstaklingar skilað sér bæði í drengja/stúlkna landslið sem og unglingalandslið karla og kvenna og þá ekki síður í meistaraflókka félagsins.

Leiðir til að fylgja markmiðunum eftir:

- Ráða til sín menntaða þjálfara
- Þjóa þjálfurum upp á frekari menntun (þjálfaranámskeið)
- Að vinna að starfa í anda stefnu ÍSÍ í barna og unglingaþjálfun.

3. UMGJÖRD ÞJÁLFUNAR OG KEPPNI HJÁ UNGLINGARÁÐI DEILDARINNAR

Körfuknattleiksdeild UMFN leggur ríka áherslu jákvæða upplifun iðkenda og hefur [stefnu ÍSÍ í íþróttum barna og unglinga](#) að leiðarljósi.

Unglingaráð kkd UMFN heldur ár hvert, í samstarfi við Unglingaráð kkd Keflavíkur stærsta Minniboltamót í körfuknattleik sem haldið er á Íslandi.

Mótið hefur farið stækkandi með ári hverju og voru þátttakendur á síðasta móti (2018) tæplega 1300. Mótið er fyrir börn 10 ára og yngri og þar er leikgleðin ríkjandi, þar eru sigurvegarar. Mótið hefur fengið verðskuldaða athygli og er ljóst að það mun áfram fara stækkandi í sniðum á næstu árum. Þetta mót er í anda stefnu ÍSÍ um þátttöku barna 12 ára og yngri í íþróttum. Ekki eru talin stig í þessum leikjum.

Eldri flokkar taka þátt í Íslandsmóti og bikarkeppni KKÍ auk þess sem spilaðir eru æfingaleikir.

Félagið hefur einnig lagt metnað sinn í því að senda að minnsta kosti einn flokk erlendis í keppni árlega, og er þá horft í aldurinn 13-15 ára. Við trúum því að spennandi keppnisferðir dragi úr brottfalli. Það er reynsla okkar að utanlandsferðir hafa virkað sem “gulrót” fyrir iðkendur á unglingaaldri og þannig stuðlað að því að iðkendur haldi áfram iðkun sinni.

Allar æfingar fara fram í íþróttamiðstöð Njarðvíkur, Ljónagryfjunni sem og íþróttahúsi við Akurskóla.



3.1 KENNSLUSKRÁ.

Áherslur á þjálfun yngri flokka

Svokallaði Pýramídi körfuboltans hefur 4 stig

1. Körfuboltahæfileikar
2. Líkamlegir hæfileikar
3. Andlegir hæfileikar
4. Hæfileikar að vinna í hóp

Körfuboltahæfileikar:

- Fótavinna
- Boltatækni
- Sendingar
- Skot
- Sóknarhæfileikar
- Varnarhæfileikar

Líkamlegir hæfileikar:

- Grunnhreyfingar: ýta, toga, beygja, stíga fram og aftur og snúa.
- Líkamlegt ástand: vöðvapól, vöðvastyrkur
- Líkamsstaða og kraftur: jafnvægi, samhæfing, hraði, snerpa, líkamlegur kraftur, sprengikraftur og stökkkraftur

Andlegir hæfileikar:

- Kunna að hafa ánægju af íþróttinni og meta hana
- Sjálfstraust
- Einbeiting
- Markmiðasetning
- Samfélagslegur stuðningur (social support)
- Stjórnun á keppnisskapi

Sérstök áhersla á varnarleik í öllum aldursflokkum



UMFN vill vera félag sem skilar af sér frábærum varnarleikmönnum í öllum flokkum, við viljum vera félag sem þekkt fyrir agaðann liðs og einstaklings varnarleik.

Nú viljum við byrja ákveðnar varnarhefðir sem við sem félag verðum þekkt fyrir. Leikmennirnir okkar eiga að geta spila allar aðferðir í varnarleik.

Yngri hópur (minnibolti), þeir flokkar sem spila á litlar körfur

Undirstöðuatriði varnarleiks:

- Varnarstöður
- Passa að sóknarmaðurinn komist ekki að körfunni (vera á milli hans og körfunnar)
- Sjá boltann og sóknarmanninn
- Hvar þú átt að vera staðsettur í hjálparvörn
- Rennsli (slide)
- Vörn á bolta
- Vörn frá miðju
- Vörn gegn hreyfingum fyrir utan
- Fráköst
- Sækja frákastið
- Varnarleikur liðs
- Grundvallaratriði varnarleiks liðs
- Færsla úr sókn í vörn
- Maður á mann vörn

Allra yngstu iðkendurnir eru ekki tilbúnir í alla þessa þætti, þar erum við aðallega að leggja áherslur á að það sé gaman og kenna í leiðinni.

Eldri hópur (7.flokkur og upp í unglingaflokk)

- Hvar þú átt að vera staðsettur í hjálparvörn
- Að það eigi að vera ALLTAF af vera boltapressa á sóknarmanninn á hálfum velli.
- Kunna að tvöfalda á low post frá endalínu
- Kunna að tvöfalda á low post frá toppi
- Kunna að “rotate” rétt úr tvöföldun (t.d. í sumum varnartilbrigðum þegar tvöfaldað er fer sá sem tvöfaldaði í manninn sem er lengst frá boltanum sem er oftast maðurinn í horninu fjær), misjafnt eftir áherslum
- Pressuvörn fullan völl maður á mann
- Svæðispressuvörn fullan völl
- Svæðispressuvörn $\frac{3}{4}$ af vellinum
- Svæðisvörn á hálfum velli
- Kunna allar varnaraðferðir gegn “pick and roll” sókn:
 - “hedga hátt” <https://www.youtube.com/watch?v=wu2f8xO4USU>



- “hedga flatt”
- “tvöfalda boltahindrunina” <https://www.youtube.com/watch?v=NQrDRb2IXuA>
- “ sýna sóknarmanninum frá boltahindrunni (ice)”
<https://www.youtube.com/watch?v=hnTmilnY7bg>
- “ skipta ákveðið og hátt” (hleypa sóknarmanni ekki að körfu)
- Ettore Messina : allt um pick and roll á miðjum vellinum
<https://www.youtube.com/watch?v=qssGROBbe68>
- San Antonio Spurs pick and roll defence:
<https://www.youtube.com/watch?v=dDlSjV9kF1o>

Markmið minniboltaþjálfunar:

Meginmarkmið með þjálfun barna eru allt önnur en með þjálfun fullorðinna keppnis- íþróttamanna og þess vegna þurfa börn öðruvísi þjálfun en fullorðnir. Við þjálfun barna þarf meðal annars að:

- Huga að öryggi þeirra
- Koma í veg fyrir einelti
- Kenna einbeitingu og aga

Minnibolti á líka að vera íþrótt sem byggir á þörfum barnanna og því er leikurinn aðlagður að börnum.

Í minnibolta er:

- Annað hugarfar en í leikjum fullorðinna
- Rík áhersla lögð á að allir fái að vera með, lítil áhersla á sigur

Minniboltinn kynnir íþróttahæiminn fyrir börnum á vengjarnlegan hátt. Undirstöðuatriðin eru kennd í umhverfi sem hentar þörfum barna og allir fá að vera með, óháð getu.

Þjálfarinn í minnibolta skapar umhverfi fyrir börn til að iðka íþróttina, efla félagsþroskan og efla liðsandann. Með möguleikum á als kyns leikjum er sýnt fram á að íþróttir eru skemmtilegar og allir geta tekið þátt.

Leikreglurnar í minniboltanum verða að vera þannig að leikurinn/æfingin gangi snuðrulaust fyrir sig þannig að það sé ekki alltaf verið að stoppa eða iðkendur að meiða sig. Þó þarf viðfangsefnið hverju sinni að vera hluti af körfuknattleik þó stundum séu reglurnar sveigðar. Í einhverjum tilfellum eru allar snertingar bannaðar, en stundum horft framhjá skrefum og þannig mætti áfram telja. Þó þarf að koma reglum leiksins jafnt og þétt inn hjá iðkendum.



Helstu markmið í þjálfun 11 ára og yngri barna eru:

- Að kenna undirstöðuatriði leiksins
- Halda góðan aga og kenna börnunum góð samskipti í íþróttum
- Fjölbreyttar og skemmtilegar æfingar í formi leikja
- Að vinna sem mest með boltann

Skipulag æfinga:

Til þess að æfingar gangi hratt fyrir sig og til þess að koma í veg fyrir að eyða of löngum tíma í útskýringar þá er æskilegt að æfingarnar séu einfaldar og helst þarf að sýna þær áður en farið er af stað. Æfingar þurfa þó að vera breytilegar til að koma í veg fyrir leiða. Best er að gera æfingarnar í styttri tíma og krefjast þess að þær séu gerðar vel í stað þess að staldra of lengi við. Dæmi um 50 mínútna minniboltaæfingu má sjá hér:

- Knattrak og boltaæfingar - 8 mínútur
- Sendingaæfingar - 8 mínútur
- Sniðskot - 6 mínútur
- Stökkskot - 6 mínútur
- Varnarstöður - 6 mínútur
- Hraðupphlaups-æfingar - 6 mínútur
- Spil í ýmsu formi - 10 mínútur

Þarna er kominn rammi til að vinna eftir. Út frá þessu má svo vinna með alls kyns æfingar sem falla undir hvern og einn þátt, og þá kemur það sér vel að eiga gott æfinga- safn. Heppilegt er að að breyta til stöku sinnum, til dæmis spila allan tímann, ýmist frjálst eða með alls kyns reglum sem breyta leiknum.

Æfingar þurfa að vera skemmtilegar svo iðkendur haldist í starfinu. Börnin þurfa líka að læra eitthvað á æfingunni. Æfingin á að vera vel skipulögð þannig að börnin séu ekki að eyða miklum tíma í röðum eða bið. Börnin eiga að vera á hreyfingu mest allan tímann, og alltaf að vera læra eitthvað nýtt. Hver æfing er hluti af ákveðinni heild og ef hópurinn er nokkuð stöðugur þá verða æfingarnar þyngri og flóknari með tímanum.

Sóknarleikur:

Í minnibolta er aðeins er leyfilegt að spila “maður á mann vörn”. Þjálfarinn þarf því aðeins að huga að sóknarleik gegn “maður á mann” vörn.

Helstu ástæðurnar fyrir því að sóknin á að vera með einföldum hætti í yngstu flokkunum er eftirfarandi:



- Það tekur styttri tíma
- Við viljum nota tímann í að kenna undirstöðuatriðin
- Við viljum ekki njörva menn niður í ákveðnar stöður
- Við fáum fjölbreyttari sóknarleikmenn sem skilja leikinn betur og hafa meiri aðlögunarhæfni
- Það getur verið mjög erfitt og tímafrekt að kenna ungum leikmönnum leikkerfi og það væri þversögn á allt annað hér að ofan

Sóknarleikinn þarf þó að byggja upp jafnt og þétt. Byrja í einn á móti einum og færa sig svo í „tvo á tvo“ og svo framvegis. Þegar byrjað er að spila ætti að spila á eina körfu með færri en fimm sóknarmenn og hafa völlinn á litlu svæði. Jafnvel er hægt að byrja á körfu, þar sem að stigin fást út frá fjölda sendinga, en oftast vilja menn komast að körfunni fljótlega. Gott er að hafa alls kyns aukareglur sem auka á fjölbreytnina.

Hér koma nokkur dæmi:

- Bannað að rekja boltann
- Aðeins leyft að rekja boltann visst oft hverju sinni
- Verður að gefa visst margar sendingar innan liðs áður en skotið er á körfu
- Verður að gefa gólfsendingar
- Allir verða að snerta boltann í sókn áður en skotið er á körfu

Grunnþættirnir:

Á aldrinum 6 til 7 ára eru þrír grunnþættir sem lögð er áhersla á.

- Hlaupa
- Hoppa
- Kasta og grípa

Fleiri þættir bætast við á aldrinum 8 og 9 ára. Þegar verið er að spila þarf að notast við knattrak, sendingar, skot og varnarleik. Þó þurfa börnin að skilja grunnþætti leiksins á borð við:

- Hvað á að gera í sókn?
- Hvað á að gera í vörn?
- Að nota svæðið
- Að hreyfa sig

Leikreglurnar og þær grunnreglur sem gilda má sýna á skemmtilegan máta:

- Það er bannað að ganga eða hlaupa með boltann – til þess að hreyfa sig með boltanum þarf að drippla
- Til að vinna þarf að skora fleiri körfur en andstæðingurinn, og þess vegna þarf að skjóta.
- Það er ekki hægt að spila einn á móti öllum, svo það þarf að geta gefið sendingar á samherja.



- Andstæðingurinn má ekki skora fleiri körfur heldur en liðið þitt, svo þú þarft að geta spilað vörn.

Með þessu er sýnt fram á mikilvægi grunnþátta íþróttarinnar á einfaldan hátt. Þjálfunin fer stigvaxandi og á aldrinum 10 og 11 ára er farið að vinna enn meira með tæknina. Farið er að vinna meira með spil frá því að spila “einn á móti einum” upp í að spila “fimm á móti fimm”. Áður en þetta fer af stað þarf að iðkandi að hafa eftirfarandi atriði á hreinu:

- Ekki hægt að drippla þegar búið er að drippla og gripa boltann (tvígríp)
- Leikmaður með boltann þarf að sækja í átt að körfu þegar enginn andstæðingur er í vegi fyrir honum. Sóknin þarf að komast framhjá vörninni.
- Passa boltann. Koma í veg fyrir að andstæðingurinn steli boltanum
- Leikmenn án bolta þurfa að losna undan varnarmanni og verða frír
- Varnarmenn þurfa að halda sóknarmönnum fyrir framan sig og koma í veg fyrir auðvelda körfu

Þetta eru þættir sem þarf að koma á framfæri þegar færi gefst, til að hjálpa leikmönnum að bæta sig. Til þess að gera menn betri þarf að benda á hvað má betur fara og með auknum skilningi iðkenda verður útkoman smám saman betri.

Nauðsynlegt er að benda iðkendum á möguleikana hverju sinni á meðan spilað er. “Einn á móti einum” gefur aðeins möguleikann á að drippla eða skjóta. Um leið og byrjað er að spila “tveir á tvo” koma fram fleiri möguleikar. Hægt að senda boltann, stinga sér í eyður og setja upp hindrun svo eitthvað sé nefnt. Til að sýna fram á hve miklu hraðar er farið yfir með sendingu í stað þess að rekja boltann, má nota reglur um hámarks dripl eða jafnvel að banna driplið. Einnig að halda ákveðinni fjarlægð á milli sóknarmannanna nema að sá sem er með boltann biðji um hjálp. Í framhaldinu er leikið “þrjá á þrjá”, “fjóra á fjóra” og að lokum “fimm á fimm”. Með auknum leikmannafjölda aukast möguleikar í leiknum og með auknum möguleikum þurfa leikmenn að takast á við sífellt fleiri ákvarðanir. Leikmaðurinn með boltann þarf að ákveða hvort hann dripli, skjóti, dripli og skjóti, sendi boltann eða notist við einhvern annan möguleika.

Þjálfunarþættir:

Undirstöðuatriði leiksins þarf að kenna vel fyrir framtíðina og er að mörgu að hyggja. Kennsla þarf að hafa farið fram í eftirtöldum atriðum fyrir 12 ára aldur:

1. Grunn líkamsbeiting: fyrsta skrefið - Stoppa (jump stop) - Snúningur (pivot) - Stökk
2. Hreyfingar án bolta
3. Skot
4. Grip
5. Sendingar
6. Knattrak
7. Hreyfingar



- a. Undirstöðuatriði hreyfingar án bolta
- b. Hreyfingar eftir skot
- c. Undirstöðuatriði skottækni –
- d. Sniðskot
- e. Stöðuskot
- f. Vítaskot
- g. Undirstöðuatriði sendinga- brjóstsendingar- gólfsendingar
- h. Undirstöðuatriði þess að grípa
- i. Undirstöðuatriði knattraks
- j. Lágt knattrak
- k. Hátt knattrak
- l. Knattrak með stefnubreytingum
- m. Bein keyrsla framhjá varnarmanni

Varnarleikur

Undirstöðuatriði varnarleiks

- Staða
- Rennsli (slide)
- Vörn á bolta
- Vörn frá miðju
- Vörn gegn hreyfingum fyrir utan
- Fráköst
- Sækja frákastið
- Varnarleikur liðs
- Grundvallaratriði varnarleiks liðs
- Færsla úr sókn í vörn
- Maður á mann vörn

Sóknarleikur liðs

- Grundvallaratriði sóknarleiks liðs
- Færsla úr vörn í sókn

Sálfræðilegir þættir

- Áhugi
- Virkni
- Bætt sjálfsímynd



- Sjálfstraust
- Félagslegir þættir
- Samvinna
- Taka tillit til annarra

Með þessa þætti í huga þarf að setja fram fjörugar, skemmtilegar og fjölbreyttar æfingar.

Þjálfun 12 – 14 ára

Grundvallaratriði í þjálfun barna og unglinga 12 ára og eldri:

- Taktík er ekki á dagskrá fyrr en leikmennirnir hafa sýnt framfarir í tækninni
- Þjálfari þarf að sjá fram á þrjá mikilvæga þætti leikmanna og það er að
- leikmenn skuldbindi sig verkefninu, aginn sé góður og einbeiting alltaf til staðar
- Æfingarnar eiga að vera uppsettar á minni svæðum í upphafi, en stækka svo með tímanum
- Allir eiga að vinna að sömu þáttum á þessum árum, óháð stærð
- “Maður á mann” vörn er eina vörnin sem notast er við og allt kapp lagt á að kenna þá vörn vel
- Áhersla lögð á þrefalda ógnun, skjóta-sækja-senda
- Þjálfarinn þarf í senn að hvetja menn áfram sem og að gagnrýna
- Leggja ríka áherslu á að menn geri eins á æfingum og í leikjum, “as you practice, you will play”

Markmið þjálfunar 12-14 ára:

Á þessum aldri er haldið áfram að vinna með grunnþjálfunina sem hefur verið unnin árin á undan. Áfram er lögð mikil áhersla á “maður á mann” vörn, og sóknarlega er áfram unnið að uppbyggingu sóknarleik þar sem að allir fá að vinna sömu hluti í stað þess að njörva menn niður í fastar stöður.

Agi er lykilþáttur sem þarf að hafa í huga. Til að mynda að leggja áherslu á að menn mæti á réttum tíma á æfingar, allir vinni saman sem ein heild og að allir vinni eftir þeim reglum sem þjálfarinn setur.

Skipulag æfinga:

Mikið unnið í stöðvaþjálfun. Hjá þessum aldurshópi er mikið unnið með eftirfarandi þætti:

- Boltaæfingar, þar sem unnið er með knattrak og sendingar
- Skilningur á leiknum
- Maður á mann varnarleikur - varnarstöðurnar 5
- Sýna fram á mikilvægi allra leikmanna, þó þeir hafi boltann í aðeins 4 mínútur af 40 í leik, og eftirfarandi þætti:
 - Halda breidd vallarins, hreyfa sig og bjóða sig



- Með meiri hreyfingu er meiri möguleiki á sóknarfrákasti
- Með því að stinga sér í eyður og setja upp hindranir er maður að vinna mikilvæga vinnu, þó viðkomandi fái kannski ekki alltaf hrósið
- Fría sig með því að stinga sér í eyður, með stefnubreytingum

Jafnvægi og snerpa, sem eru lykilþættir í að vinna ofan talda þætti með góðum árangri. Til þess að vinna á góðu jafnvægi og snerpu þarf að vinna mikið með æfingar sem byggja á eftirtöldum þáttum:

- Jafnvægi
- Snúningum (pivot)
- Að stoppa (jump stop)
- Skipta um hraða (hraðaaukningar)
- Fram- og afturábak hlaup
- Stungum (backdoor, front)
- Stefnubreytingum

Sóknarleikurinn

Sóknarleikurinn er mikilvægur því leikurinn gengur út á það að skora fleiri körfur en andstæðingurinn. Mikilvægir þættir sem þarf að vinna með eru m.a.:

- Þreföld ógnun (get skotið, sent og sótt)
- Sendingar
- Knattrak og knattmeðferð

Tilgang knattrak þarf að ræða við iðkendur. Oft er það svo að menn ofnota knattrak og það þarf að koma í veg fyrir en að sýna fram á af hverju það getur oft verið betra að rekja knöttinn:

- Til að sækja að körfu til þess að skora
- Til að losa samherja með því að sækja að körfu
- Til að búa til betri sendingalínu

Grunnþættirnir:

- Skilningur einstaklings á sókn án bolta
- Skilningur einstaklings á sókn með bolta
- Sendingar
- Skot
- Varnarleikur á bolta



- Varnarleikur frá bolta
- Uppbygging sóknar, einn á einn, tveir á tvo
- Hraðupphlaup

Þjálfunarþættir:

Á þessum aldri bætast við þættir sem mikilvægt er að kenna:

Hreyfingar án bolta

- V-stunga (v-cut)
- Stunga framfyrir varnarmann

Stunga afturfyrir varnarmann

- Skot
- Stökkskot
- Póstskot • “Skotfeik”

Sendingar

- Sendingar fyrir ofan höfuð
- Sendinga-gabbhreyfingar

Knattrak

- Hraðabreytingar
- Crossover
- Snúningur
- Hörfun
- Fyrir aftan bak
- Á milli fóta
- Inn / út hreyfing

Hreyfingar fyrir utan

- Gabbhreyfingar og keyrsla framhjá varnarmanni
- Framkvæmdaratriði eftir knattrak
- Lesa vörnina

Hreyfingar við teig

- Staða (post up)
- Fá boltann
- Snúningar
- Lesa vörnina



Tveggja og þriggja manna spil

- Give and go
- Backdoor cut
- Setja / nota hindranir
- Pick n roll
- Hindranir frá bolta
- Tveir á einn
- Þrír á tvo
- Lesa vörnina

Vörn á bolta

- Vörn gegn póst-hreyfingum

Vörn frá boltanum

- Hjálparvörn

Vörn gegn tveggja og þriggja manna spili

- Gegn sendingum og stungum
- Gegn backdoor cut-i
- Gegn hindrunum frá bolta
- Gegn ójöfnum aðstæðum (1 á móti 2 og svo framvegis)

Varnarfráköst

- Staðsetningar
- Stíga út
- Verja boltann
- Koma bolta í leik (outlet pass)

Sóknarfráköst

- Staðsetningar
- Meta aðstæður

Sálfræðilegir þættir

- Einbeiting
- Markmiðasetning
- Slökunarhæfni
- Jákvætt hugarfar
- Þrautalausnir

Félagslegir þættir



- Samskipti
- Óeigingirni
- Reglur
- Vinnubrögð
- Íþróttamennska
- Forvarnir

Þjálfun 15 – 18 ára

Grundvallaratriðið í þjálfun þessa aldurs eru þau sömu og hjá 12-15 ára

Markmið þjálfunar 15-18 ára:

Á þessum aldri fer þjálfunin að snúast meira um leikskilning og þegar hér er komið við sögu á grunnvinnan á undanförnum árum að skila sér í bæði betri leikmönnum sem og möguleika á því að fara að spila meira kerfisbundinn körfuknattleik. Varnarlega fara iðkendur að kynnast svæðis- og pressuvörnum meira. Vissulega þarf að viðhalda tækniæfingum og á þessum aldri fá iðkendur kynningu á lyftunum.

Skipulag æfinga:

Á þessum tímapunkti er áhersla lögð á aukinn leikskilning. Þeir þættir sem teknir eru fyrir:

- Tækniæfingar
- Alls kyns útfærslur á sóknarleik
- Alls kyns útfærslur á varnarleik
- Viðhald á þeim þáttum sem hefur verið unnið með á undanförnum árum

Sóknarleikurinn:

Á þessum aldri ættu iðkendur að hafa kynnst, frá fyrri þjálfurum, sóknarleik þar sem að unnið er með þá möguleika sem skapast með auknum fjölda leikmanna., þ.e.a.s. frá “einum á einn” í “tvo á tvo” og svo framvegis. Á þessum aldri er oftast farið að skýrast hvaða stöður iðkendur koma til með að leika. Aukin sérhæfing á sér því stað í seinni hluta þessa aldurstigs. Þá er unnið enn frekar með vissa þætti sem henta hverjum og einum, sbr. leikstjórnandi þjálfast mikið í boltameðferð og miðherji þjálfast mikið í hreyfingum í nánd við körfuna.

Grunnþættirnir:

- Leikskilningur
- Viðhald tækniæfinga
- Útfærslur á sóknarleik
- Útfærslur á varnarleik



Þjálfunarþættir:

Þær áherlsur sem bætast við á þessum aldri eru:

Sendingar

- Löng sending með annarri hendi
- “baseball” sending
- “handoff” (réttta)

Hreyfingar við teig

- Krafthreyfing

Vörn á bolta

- Setja gildirur
- Taka ruðning

Stöður leikmanna

- Leikstjórnandi
- Skotbakvörður
- Framherji
- Kraftframherji
- Miðherji

Varnarleikur liðs

- Svæðisvarnir
- Blandaðar varnir
- Pressuvarnir

Liðs-sóknarleikur

- Sóknarleikur gegn svæðisvörnum
- Sóknarleikur gegn blönduðum vörnum
- Sóknarleikur gegn pressuvörnum

Sóknarleikur í sérstökum aðstæðum

- Föst leikatriði

Sálfræðilegir þættir

- Spennustjórnun
- Hugarþjálfun
- Skipulagning (tími / nám)



Félagslegir þættir

- Leiðtogaþjálfun

Æfingabanki

Minnibolti (11 ára og yngri)

Sóknaræfingar:

- Boltatækni á staðnum <https://www.youtube.com/watch?v=8OO-RzWzh74>
- Boltatækni á staðnum og á ferðinni með keilum
<https://www.youtube.com/watch?v=MRrNi7uHmaY>

Varnaræfingar:

- Varnarslide æfingar <https://www.youtube.com/watch?v=cDcnO3D4mJc>
- Þolvarnaræfing <https://www.youtube.com/watch?v=PggPs5r-iJY>
- Stíga út (fráköst) https://www.youtube.com/watch?v=bhTAm_1UfIA

7.flokkur og eldri

Sóknaræfingar:

Varnaræfingar:

- Stíga út (fráköst) <https://www.youtube.com/watch?v=J6QmHTVdKKc>

4. FJÁRMÁLASTJÓRN

Leiðarljós við fjármálastjórn körfuknattleiksdeildarinnar:

Bókhald deildarinnar er fært samkvæmt reglugerð ÍSÍ um bókhald og er fært reglulega og milli uppgjör fer fram ef þörf krefur. Bókhaldið er sent aðalstjórn í lok hvers árs og uppgjör þess borið upp á aðalfundi félagsins.

Bókhald Unglingaráðs er aðskilið frá rekstri meistaraflokka félagsins. Aðalstjórn rekur meistaraflokka félagsins en Unglingaráð sér um alla flokka með iðkendur 18 ára og yngri.

Fjárhagsáætlun næsta árs fylgi ávallt reikningum hvers árs. Við uppgjör eru áætlanir bornar saman við niðurstöður reikninga. Fjárhagsáætlun tekur mið af uppgjöri síðasta árs. Aðalstjórn ber ábyrgð á fjármálum deilda.

Ákvörðun um laun þjálfara miðast við menntun, reynslu og vinnuframlag, óháð kyni eða aldri iðkenda.



Í dag eru þjálfarar ekki launþegar heldur vertakar en það fyrirkomulag er í skoðun.

4.1 FJÁRHAGSÁÆTLUN MEISTARAFLOKKSRAÐS

Fjárhagsáætlun 2023 liggur fyrir

4.2 FJÁRHAGSÁÆTLUN UNGLINGARÁÐS

Fjárhagsáætlun 2023 liggur fyrir

5. ÞJÁLFARAMENNTUN

Unglingaráð leggur mikinn metnað í að starfandi þjálfarar félagsins sækji öll þau þjálfaranámskeið sem í boði eru og hvetur þjálfara til að sækja sér námskeið. Unglingaráð greiðir allan kostnað fyrir þjálfarana þegar þeir sækja námskeið.

5.1 ÞJÁLFARAR FÉLAGSINS

Yfirþjálfari yngri flokka er Logi Gunnarsson.

Logi er þjálfari 10. og 12.flokk drengja. Hann hefur þjálfað hjá félaginu í rúm 8 ár sem yfirþjálfari og hefur þjálfað nokkra aldurhópa í gengum árin. 10.flokk drengja, drengjaflokk, unglingaflokk karla og minnibolta drengja. Logi spilaði með meistaraflokk félagsins en lék erlendis sem atvinnumaður í 10 ár. Logi hefur spilað með öllum yngri landsliðum Íslands og lék í 18 ár með íslenska A-landsliðinu.

Þjálfaramenntun: Þjálfaranám ÍSÍ, 1. 2. og 3.stig. Þjálfaranám KKÍ 1B, 2A, 2C, 3A, 3B.

Bruno Richotti er þjálfari 7. flokks drengja, 9.flokks drengja, 10.flokks stúlkna, og 8 og 9 ára drengja. Hann þjálfar einnig á morgunæfingum félagsins. Bruno kemur frá Argentínu og hefur þjálfað í heimalandi, á Spáni og á Ítalíu. Hann hefur reynslu á þjálfun barna á öllum aldri. Bruno er á sínu öðru ári hjá félaginu.

Þjálfaramenntun: Hann er með þjálfaragráðu frá Körfuknattleikssambandi Spánar og Fiba (Körfuknattleiksstambandi Evrópu).

Bylgja Sverrisdóttir er þjálfari 8 og 9 ára stúlkna, 7.flokks stúlkna og 10 og 11 ára stúlkna. Bylgja hefur þjálfað í tæp 20 ár og er einn reyndasti þjálfari landsins í yngri flokkum. Hún hefur þjálfað flesta kvennaflokka félagsins á einhverjum tímapunkti. Bylgja hefur sótt flest þjálfaranámskeið sem haldin hafa verið á vegum KKÍ síðustu ár. Hún hefur einnig þjálfað hjá yngri landsliðum Íslands.

Þjálfaramenntun: Þjálfaranám ÍSÍ, 1.stig. Þjálfaranám KKÍ 1A, 1B, 1C, 2A, 2B, 2C, 3A og 3B



Benedikt Guðmundsson er þjálfari 7.flokks stúlkna og ungmennaflokks karla. Benedikt á langan og farsælan þjálfaraferil að baki, hann hefur þjálfað í yfir 30 ár. Benedikt hefur bæði þjálfað í yngri flokkum og í meistaraflokkum hjá mörgum félögum landsins en hann er upprunalega úr KR. Hann er núverandi A- landsliðsþjálfari kvenna og hefur einnig þjálfað mörg yngri landslið Íslands

Þjálfaramenntun: Þjálfaranám KKÍ ,1A, 1B, 1C, 2A, 2B, 2C, 3A, 3B og 3C. Sem eru öll menntun sem hægt er að taka hjá sambandinu.

Hermann Ingi Harðarsson er þjálfari 10 og 11 ára drengja. Hermann er á sínu 6.ári sem þjálfari hjá félaginu. Hann hefur áður þjálfað 7. og 8.flokk drengja, 8.flokk stúlkna og minnibolta drengja og stúlkna. Hermann hefur leikið upp alla yngri flokka félagsins og í meistarflokki.

Þjálfaramenntun: Þjálfaranám ÍSí, 1.stig. Þjálfaranám KKÍ 1C, 2A og 2C.

Chaz Williams er þjálfari 10 og 11 ára drengja og þjálfar á morgunæfingum félagsins. Chaz hefur mikla reynslu í þjálfun barna og unglinga. Hann rekur körfuknattleiksúðir í heimalandi sínu Bandaríkjunum sem hafa verið starfandi í nokkur ár. Hann á að baki langan atvinnumannaferil og spilaði í sterkum háskóla í Bandaríkjunum, University of Massachusetts. Chaz er að þjálfra í annað sinn hjá félaginu en hann koma að þjálfun hjá yngstu hópunum þegar hann lék hér síðast 2020.

Eygló Alexandersdóttir er þjálfari 8. og 9.flokks stúlkna. Hún hefur þjálfað í 10 ár hjá félaginu. Eygló hefur þjálfað bæði í minnibolta og í 7. og 8. flokka kvenna áður. Hún hefur sótt flest þjálfaranámskeið sem haldin hafa verið á vegum KKÍ síðustu ár. Eygló lék með yngri flokkum félagsins og í meistaraflokki.

Þjálfaramenntun: Þjálfaranám ÍSí, 1.stig. Þjálfaranám KKÍ 2A, 2C og 3A

Krista Gló Magnúsdóttir er þjálfari 8. og 9.flokks stúlkna. Hún er að þjálfra á sínu öðru ári hjá félaginu en hún var aðstoðarþjálfari á síðasta ári hjá sömu flokkum. Krista Gló er leikmaður meistaraflokks Njarðvíkur og hefur leikið upp alla yngri flokka félagsins og með yngri landsliðum Íslands.

Kristjana Eir Jónsdóttir er þjálfari 10 og 11 ára stúlkna ásamt 12.flokki kvenna. Kristjana er á sínu fyrsta ári hjá félaginu og er einnig aðstoðarþjálfari meistaraflokks kvenna. Kristjana hefur mikla reynslu í þjálfun og hefur þrátt fyrir ungan aldur þjálfað tvö lið í úrvalsdeild kvenna sem aðalþjálfari. Hún hefur mikla reynslu í þjálfun yngri flokka og þjálfað hjá mörgum félögum hér á landi og einnig þjálfað hjá yngri landsliðum Íslands.

Þjálfaramenntun: Þjálfaranám KKÍ 1A, 1C, 2A og 2B.

Gestur Leó Guðjónsson er þjálfari 6-8 ára drengja og stúlkna í Háaleitisskóla og kemur Gestur einnig að þjálfun annara yngri flokka, svo sem mb 8 og 9 ára drengja, leikskólahóps og 7.flokks stúlkna. Gestur hefur reynslu í þjálfun og að vinna með börnum en Gestur er leiðbeinandi á leikskóla og er að þjálfra sitt annað tímabil hjá félaginu. Hann hann þjálfaði áður hjá Reyni í Suðurnesjabæ.

Þjálfaramenntun: Þjálfaranám ÍSí, 1.stig. Þjálfaranám KKÍ 1A



Sigurbergur Ísaksson eru þjálfari 6-8 ára drengja og stúlkna í Háaleitisskóla. Hann er á sínu öðru ári sem þjálfari hjá félaginu en hann þjálfaði sama hóp á síðasta tímabili. Sigurbergur hefur spilað með öllum yngri flokkum félagsins og er leikmaður meistaraflokks karla.

Þjálfaramenntun: Þjálfaranám KKÍ 1A

Agnar Mar Gunnarsson þjálfar flesta af yngstu flokkum félagsins, leikskólahóp, 6 og 7 ára drengi og stúlkur og 8 og 9 ára drengi og stúlkur. Agnar er einn reyndasti þjálfari félagsins og hefur þjálfað í 24 ár. Hann hefur þjálfað á einhverjum tímamarki flesta flokka félagsins. Agnar var einnig þjálfari meistaraflokks kvenna. Hann lék með öllum yngri flokkum félagsins.

Þjálfaramenntun: Þjálfaranám ÍSÍ, 1.stig. Þjálfaranám KKÍ 1A, 1C og 2A.

Allir launaðir starfsmenn og þjálfarar deildarinnar eru með skriflegan ráðningasamning.

5.2 SAMRÁÐ OG SAMSTARF ÞJÁLFA UNGLINGAÐEILDAR.

Samráðsfundir þjálfara eru haldnir nokkrum sinnum yfir tímabilið og eru mikil samskipti milli þjálfara yfir allt tímabilið. Þjálfarar samræma vinnureglur sínar er snúa að agamálum og þeim reglum sem gilda við æfingar og keppni. Þeir þjálfar samkvæmt handbók félagsins og hver þjálfari þjálfar eftir þeim leiðum sem koma fram í handbókinni fyrir hvern aldursflokk.

6. FÉLAGSSTARF

Iðkendur hjá Unglingaráði stendur til boða fjölbreytt félagsstarf. Boðið er upp á alls kyns samkomur fyrir hópa undir stjórn þjálfara eða foreldra. Skipulagning á félagsstarfinu er unnin af þjálfurum í samvinnu við foreldra iðkenda og unglingaráð. Til að efla félagsvitund og félagsanda meðal iðkenda hafa verið sett fram eftirfarandi markmið.

- Að starfið sé sem fjölbreyttast.
- Að efla samkennd innan hópa og jafnframt innan félagsins.
- Að auka samvinnu.
- Að auka virðingu fyrir reglum og fræða um gildi þess fyrir einstaklinga og samfélag að reglur séu virtar.
- Að eiga góðar stundir utan körfuboltans þar sem léttleikinn er í fyrirrúmi.
- Að hver iðkandi fái að njóta sín sem einstaklingur innan hópsins

Á síðustu árum höfum við lagt aukna áherslu á að bjóða einnig upp á fyrirlestra fyrir iðkendur til að byggja þá upp sem góða liðsmenn. Fyrirlestrar sem hafa verið þessu tímabili eru „Að setja sér markmið“ með Bjarna Frittsyni og „Að vera góður liðsmaður“ með Pálmari Ragnarssyni.



7. FORELDRARÁÐ

Hver þjálfari vinnur að því að halda foreldrum í sínum flokki upplýstum um það sem er að gerast hjá þeirra börnum varðandi keppnir auk annars sem viðkemur æfingum. Til þess nota þeir bæði foreldrafundi í upphafi tímabils og fyrir stór mót sem og samskiptamiðla og tölvupóst. Þjálfarar fá foreldra úr hópnum í foreldraráð til að sinna:

- skipulagningu á fjáröflun fyrir keppnisferðir
- skipulagningu á keppnisferðum og aðstoðar í þeim
- skipulagningu og aðstoð við ýmiskonar hópefli í flokknum

Á hverju ári fer hópur iðkenda í æfingar og/eða keppnisferð erlendis og reynir þá sérstaklega á að vera með öflugt foreldraráð til að vinna að undirbúningi og fjáröflun fyrir þá ferð. Einn fulltrúi frá unglingaráði starfar með því foreldraráði og er þeim innan handar. Í fjáröflun er starfað eftir ákveðnum verklagsreglum varðandi fjáraflanir sem unglingaráð hefur sett sér. Sjá fylgiskjal 1.

8. FRÆÐSLU- OG FORVARNASTARF

STEFNA FÉLAGSINS Í FRÆÐSLU OG FORVARNARMÁLUM

Skv. stefnu ÍSÍ hefur félagið sett sér þá stefnu að áfengis- og eða tóbaksneysla eigi sér ekki stað í tengslum við íþróttaiðkun og er áfengisneysla á meðan íþróttakeppni stendur bönnuð, sömuleiðis eru reykingar og munntóbaksneysla á íþróttasvæðum bannaðar. UMFN leggur auk þess áherslu á að þjálfarar, stjórnarmenn og aðrir starfsmenn virði þessar reglur í umgengni við börn og unglinga í íþróttum.

Forvarnagildi íþróttar

Íþróttahreyfingin gengnir mikilvægu hlutverki í vímuvörnum. Rannsóknir á högum barna og ungmenna sýna að þeim ungmennum reiðir betur af og neyta síður vímuefna sem eru virk í íþróttastarfi. Einnig sýna rannsóknir að neysla vímuefna og tóbaks hafa mjög skaðleg áhrif á árangur í íþróttum. Umfn vill efla enn frekar vímuvarnargildi íþróttar með því að taka skýra afstöðu gegn neyslu í tengslum við íþróttir. Í þessari stefnuýfirlýsingu er talað um vímuefnaneyslu og er þá átt við neyslu áfengis og annarra vímuefna.

Tópak og vímuefni

Öll neysla tóbaks og vímuefna er bönnuð í tengslum við æfingar og keppni á vegum félagsins. Félagið er auk þess andvígð neyslu tóbaks og vímuefna meðal ungmenna.

Deildir innan UMFN mun bregðast sérstaklega við allri neyslu iðkenda undir 18 ára aldri og foreldrar verða undantekningarlaust upplýstir um slíka neyslu. Viðbrögð deilda innan UMFN við brotum á reglum þessum verða í formi tilmæla og ábendinga. Skili slík viðbrögð ekki árangri getur komið til tímabundins banns frá æfingum og/eða keppni. Viðbrögð deilda munu samt ávallt mótast af vilja til að aðstoða iðkendann við að laga sig að reglum og að hann haldi áfram að starfa innan félagsins.



Þjálfarar skulu vinna eftir vímuvarnastefnu UMFN, þar með talið að bregðast við vímuefnaneyslu iðkenda á viðeigandi hátt. Þjálfarar skulu miðla til iðkenda fróðleik um áhrif vímuefnaneyslu á árangur í íþróttum. Styðjast skal við útgefið efni frá ÍSÍ. Þjálfarar skulu framfylgja stefnu UMFN varðandi samstarf við foreldra og aðra aðila sem sinna málefnum barna og unglinga.

Deildir innan UMFN mun upplýsa foreldra um stefnu félagsins í vímuvörnum og stefnir auk þess að góðu samstarfi við foreldra um vímuvarnir. Deildir innan UMFN mun hafa samráð við foreldra, þurfi að taka á neysluvandamáli iðkenda undir sjálfræðisaldri.

STEFNUYFIRLÝSING ÍSÍ UM FORVARNIR OG FÍKNIEFNI.

Neysla áfengis, tóbaks eða fíkniefna á aldrei samleið með iðkun íþróttar og vill íþróttahreyfingin á Íslandi efla forvarnahlutverk sitt á eftirfarandi hátt:

Setja fram markvissa stefnu

- Hvetja íþróttar- og ungmennafélög til þess að festa í lög sín ákvæði þar sem tekin er einörð afstaða gegn neyslu á áfengi og fíkniefnum
- Móta sameiginlegar starfsreglur um hvernig tekið skuli á fíkniefnavanda ungs fólks á vettvangi íþróttahreyfingarinnar og hvernig unnið skuli að forvörnum og gera öll íþróttamannvirki algerlega reyklaus

Stuðla að aukinni og almennari þátttöku ungs fólks í íþróttastarfi

- Hvetja íþróttar- og ungmennafélög til þess að vinna markvisst að því að fjölga iðkendum íþróttar meðal barna og unglinga, m.a. með því að auka fjölbreytni í iðkuninni og tryggja þannig að öll börn og unglingar fái tækifæri til að stunda íþróttir í samræmi við eigin þarfir, getu og áhuga.
- Nýta mannvirki og aðstöðu íþróttahreyfingarinnar til að festa íþróttastarf í sessi sem raunhæfan valkost til skemmtunar fyrir unglinga, t.d. með því að bjóða upp á iðkun óhefðbundinna greina.
- Halda opin hús í íþróttamannvirkjum, eða efna til annars konar íþróttastarfs fyrir þessa aldurshópa þar sem meiri áhersla er lögð á að koma til móts við þarfir þeirra fyrir afþreyingu og skemmtun, en keppni og afrek.

Auka þekkingu á skaðsemi fíkniefna og forvörnum innan Hreyfingarinnar

- Gefa út fræðsluefni um fíkniefni og forvarnir fyrir þjálfara og iðkendur og gera fræðslu um þessi málefni að föstum þætti í fræðslustarfi íþróttahreyfingarinnar og í íþróttanámi í framhaldsskólum



- Fela þjálfurum að fræða þá iðkendur sem þeir þjálfar um áhrif áfengis, tóbaks og fíkniefna á heilbrigði þeirra og árangur í íþróttum
- Hvetja sambandsaðila íþróttahreyfingarinnar til þess að fjalla um fíkniefni og forvarnir í málsgögnum sínum og ritum.

EINELTI

Einelti getur átt sér stað hvar sem er og hvenær sem er. Umræða um einelti þarf sífellt að vera í gangi og allir verða að vera vakandi og meðvitaðir um vandamálið. Samræmdar aðgerðir og skipulagðar forvarnir hafa sýnt bestan árangur í baráttunni gegn einelti. Vakni grunur um einelti innan deilda skal tilkynna það til rekstrarstjóra deildarinnar, sem skal gera viðeigandi ráðstafanir til þess að málið verði útkljáð. Sé rekstrarstjóri talinn vanhæfur skal snúa sér að til formanns með málið. Sömu viðbrögð og reglur eiga við hvort sem það er iðkandi, starfsmaður eða sjálfboðaliði sem talinn er vera gerandi í viðkomandi máli. Meðvirkni starfsmanna/iðkenda í einelti er fordæmd.

Einelti er endurtekið ofbeldi þar sem einn eða fleiri, níðast á eða ráðast endurtekið á ákveðinn einstakling. Einelti er ofbeldi og félagsleg útskúfun sem getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir þolandann og gerandann. Einelti á sér stað á milli tveggja einstaklinga eða einstaklings og hóps. Einelti birtist með ýmsum hætti, t.d. að þolandi verður fyrir stöðugri stríðni á einn eða annan hátt, illu umtali, hann er gerður að aðhláturfni, honum sýnd vanþóknun, útskúfun og hæðst er að honum með ýmsu móti. Einelti getur falið í sér að þolandanum finnist að allir eða flestallir í hópnum séu á móti honum

Ræða þarf við börn og ungmenni um samstöðu og að vera aldrei þögult vitni að stríðni eða einelti. Finnist einhverjum að verið sé að stríða honum eða leggja hann í einelti þarf að taka mark á því og skoða málið. Það er ávallt huglægt mat þolanda sem er mælikvarði á hvar mörkin í samskiptum liggja. Allir, sem starfa innan UMFN, þurfa að geta gert sér grein fyrir því hvort um sé að ræða einelti eða ekki í einstökum tilvikum. Mikilvægt er að starfsfólk hvetji börn og ungmenni til þess að láta foreldra eða starfsfólkið vita, verði þau fyrir endurtekinni stríðni eða ef þau verða vör við stríðni eða deilur milli einstaklinga. Einnig er mikilvægt að hvetja foreldra til þess að láta vita ef börn og ungmenni segja þeim frá atvikum sem varða einelti.

Stefna félagsins í eineltismálum

UMFN fylgir viðbragðsáætlun íþróttar- og æskulýðsstarfs.

Hér má fara beint inná [Viðbragðsáætlun fyrir íþróttar- og æskulýðsstarf.](#)

Ávalt skal leita til samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs ef upp koma mál sem þannig snúa.

<https://www.samskiptaradgjafi.is/>

STEFNA FÉLAGSINS VARÐANDI KYNFERÐISLEGA ÁREITNI/OFBELDI



Það er stefna félagsins að starfsmenn/iðkendur sýni samstarfsfólki sínu og iðkendum alltaf kurteisi og virðingu í öllum samskiptum. Kynferðisleg áreitni verður undir engum kringumstæðum umborin í félaginu okkar.

VIÐBRÖGÐ FÉLAGSINS VARÐANDI KYNFERÐISLEGT ÁREITI/OFBELDI

Vakni grunur um kynferðislegt áreiti/ofbeldi innan deilda skal haft samband við framkvæmdastjóra deildarinnar, sem skal gera viðeigandi ráðstafanir til þess að málið verði útkljáð. Sé framkvæmdastjóri talinn vanhæfur skal snúa sér til formanns UMFN og/eða aðalstjórn UMFN með málið. Í öllum tilvikum þar sem grunur er á að tiltekin atvik varði bá lögum eða refsingu skal viðeigandi yfirvöldum gert viðvart, þ.m.t. lögreglu. Stefnu UMFN varðandi kynferðislegt áreiti og kynferðislegt ofbeldi má finna hér

[Kynferdis-areiti-ofbeldi UMFN.pdf](#)

Viðbragðsáætlun við kynferðisofbeldi - [Verkfærakista](#) | [Samskiptaráðgjafi \(samskiptaradgjafi.is\)](#)

JAFNRÉTTISMÁL

JAFNRÉTTISÁÆTLUN

Jafnréttisáætlun UMFN gildir fyrir allar deildir félagsins og félagið sjálft og leggur áherslu á að gæta almenns jafnréttis. Félagið gerir ekki upp á milli barna og unglinga vegna uppruna, þjóðfélagsstöðu, fötlunar, búsetu, þjóðernis, litarháttar eða kyns. Hver einstaklingur hefur þann rétt að vera metinn að eigin verðleikum. Allir iðkendur skulu hafa sama aðgang að aðstöðu, þjálfun og fjármagni. Stefna félagsins er að gæta jafnréttis í starfi sínu og leitast við að sinna til jafns kröfum kynja til íþróttaiðkunar. Þetta á meðal annars við um aðstöðu, fjármagn og þjálfun. Þjálfarar félagsins sem eru með jafna menntun, reynslu og aldur njóta sömu kjara óháð kyni og óháð því hverja viðkomandi þjálfar. Stefna félagsins er að endurspegli fjölbreytileika samfélagsins svo raddir allra heyrast.

Jafnréttisáætlun UMFN unnin í samræmi við jafnréttisáætlun ÍSÍ og Jafnréttisstofu.

[Jafnrettisaaetlun-2022.pdf \(umfn.is\)](#)

PERSÓNUVERND

Njarðvík hefur markað sér persónuverndarstefnu sem hægt er að nálgast hér:

<http://www.umfn.is/wp-content/uploads/2021/10/PersunuverndarStefnaUMFN.pdf>

1. Almennar upplýsingar

Ungmennafélag Njarðvíkur kt. 570179-0209, með aðsetur að Norðurstíg 4, Reykjanesbæ (hér eftir vísað til sem „UMFN“) leggur ríka áherslu á að vernda persónuupplýsingar sem unnið er með í starfseminni. Persónuverndarstefnu þessari er ætlað að skýra hvernig við öflum og notum persónuupplýsingar og hvaða réttindi einstaklingar eiga sem skráðir eru hjá UMFN.

Persónuverndarstefnan tekur mið af regluverki persónuverndar eins og það er á hverjum tíma.

UMFN telst vera ábyrgðaraðili/vinnsluaðili í skilningi laganna og ber samkvæmt því ábyrgð á því



hvernig persónuupplýsingar eru unnar í starfseminni. Persónuverndarstefnan er aðgengileg á heimasíðu UMFN www.umfn.is og var þessi útgáfa samþykkt þann 17. mars 2021.

2. Meginreglur persónuverndar

Við höfum ávallt í huga meginreglur persónuréttar við vinnslu persónuupplýsinga. Þessar reglur fela meðal annars í sér að persónuupplýsingar séu:

- áreiðanlegar og uppfærðar reglulega;
- unnar með lögum, sanngjörnum og gagnsæjum hætti;
- fengnar í skýrt tilgreindum og málefnalegum tilgangi;
- unnar af hófsemi og miðast við tilgang söfnunar;
- varðveittar með öruggum hætti og ekki lengur en þörf er á;
- unnar þannig að viðeigandi öryggi persónuupplýsinganna sé tryggt.

Við leitumst við að öll vinnsla persónuupplýsinga sé viðhöfð með hliðsjón af meginreglunum þannig að tryggja megi réttind einstaklinga sem best.

3. Hvaða persónuupplýsingum söfnum við, um hverja og hvernig ?

Vinnsla persónuupplýsingar hjá UMFN fer í flestum tilfellum fram í tengslum við samþykkt félagsaðild eða á grundvelli lögmætra hagsmuna, samnings eða laga. UMFN vinnur meðal annars persónuupplýsingar um:

- Starfsumsækjendur
- Starfsmenn
- Félagsmenn
- Keppendur
- Viðskiptaupplýsingar

Ólíkum upplýsingum er safnað um ólíka flokka einstaklinga. Til dæmis er umfangsmeiri upplýsingum safnað um starfsmenn heldur en félagsmenn og almenning. Dæmi um upplýsingar sem við vinnum eru:

- Starfsumsækjendaupplýsingar, svo sem nafn, kennitala, heimilisfang, fyrri störf og menntun, kunnátta og fleiri upplýsingar í tengslum við starfsumsóknir.
- Starfsmannaupplýsingar, svo sem nafn, kennitala, mynd, lögheimili, sími, netfang, starfsheiti, bankareikningur og fleira. Við kunnum einnig að vinna viðkvæmar persónuupplýsingar um starfsmenn, eins og heilsufarsupplýsingar vegna veikinda og upplýsingar um stéttarfélagsaðild.
- Félagsmanna- eða iðkendaupplýsingar, svo sem nafn, kennitala, netfang, hlutverk í hreyfingu.
- Upplýsingar um keppendur, svo sem nafn, kennitala, kyn, íþróttagrein, árangur, heiti móts, tegund móts.
- Viðskiptamannaupplýsingar, svo sem nafn, netfang, tengsl við fyrirtæki, símanúmer, starfsheiti og samskiptasaga.



Persónuupplýsingar sem við söfnum og vinnum með koma venjulega beint frá hinum skráða einstaklingi, en geta líka komið frá öðrum aðilum eins og um uppruna upplýsinganna, t.d. ef upplýsingar eru sóttar úr Nóra gagnagrunninum eða Felix gagnagrunninum.

Við leitumst við að öll vinnsla persónuupplýsinga sé viðhöfð með hliðsjón af meginreglunum þannig að tryggja megi réttindi einstaklana sem best.

4. Hver er grundvöllur og tilgangur vinnslunnar ?

UMFN vinnur persónuupplýsingar um einstaklinga á grundvelli samþykkis, einkum um félagsmenn og iðkendur sem gerast aðilar að UMFN og og í markaðstilgangi, til dæmis þegar við sendum fréttabréf eða markpósta, byggjum við á upphaflegu samþykki einstaklingsins sem um ræðir.

Þegar við skráum upplýsingar um félagsmenn og iðkendur innan UMFN í Felix þá gerum við það á grundvelli lögmætra hagsmuna sem felast einkum í lottógreiðslum, tölfærðivinnslu, sögulegs tilgangs að skrá í Felix. Einnig vinnum við persónuupplýsingar á grundvelli lögmætra hagsmuna vegna myndavélaeftirlits í öryggis- og eignavörslutilgangi. Í slíkum tilvikum fullvissum við okkur um það að grundvallarréttindi og frelsi skráðra einstaklinga vegur ekki þyngra en okkar hagsmunir af því að vinna upplýsingarnar.

Í sumum tilvikum vinnum við persónuupplýsingar einstaklinga á grundvelli samningssambands. Það á við einkum um starfsumsækjendur, starfsmenn, viðskiptamenn, birgja, verktaka og afreksfólk. Það getur einnig verið í þeim tilgangi að koma slíku samningssambandi á. Við kunnum einnig að vinna persónuupplýsingar um keppendur á grundvelli samnings.

Þá fer vinnsla einnig fram til að uppfylla lagaskyldu sem hvílir á okkur, svo sem í tengslum við útgreiðslu launatengdra gjalda, samkvæmt vinnuréttarlöggjöf eða á grundvelli jafnréttislaga, svo sem þegar við skráum upplýsingar um kyn félagsmanna.

Viðkvæmar persónuupplýsingar eru einkum unnar um starfsmenn, og keppendur á grundvelli samnings og lagaskyldu. Í þeim tilvikum höfum við gert viðeigandi verndarráðstafanir í samræmi við gerðar kröfur.

5. Miðlun

Almennt miðlum við ekki persónuupplýsingum einstaklinga sem eru skráðir hjá okkur. UMFN kann þó að miðla persónuupplýsingum til þriðja aðila við ákveðnar aðstæður. Til dæmis getur verið um að ræða þjónustuaðila eða verktaka sem veita ákveðna þjónustu s.s., ÍSÍ, UMFÍ, ÍRB, Greiðslumiðlun, Advanía og Reykjanesbær. Getur þá verið nauðsynlegt að veita slíkum aðila aðgang að persónuupplýsingum.

Þegar slíkir aðilar hafa aðgang að persónuupplýsingum vegna eðli þjónustunnar sem um ræðir tryggir UMFN að aðeins séu afhentar persónuupplýsingar sem eru nauðsynlegar og um ábyrga vinnsluaðila sé að ræða sem bjóða upp á þjónustu sem uppfyllir skilyrði persónuverndarlaga, m.a. með tilliti til öryggis persónuupplýsinga.

6. Öryggi

Mikið er lagt upp úr öryggi persónuupplýsinga hjá UMFN og hefur verið gripið til viðeigandi tæknilegra og skipulagslegra ráðstafana til að vernda persónuupplýsingar, með hliðsjón af eðli og umfangi þeirrar vinnslu sem um ræðir. Meðal annars með innleiðingu ferla og verklags, sem og tæknilegra öryggisráðstafana, sem taka tillit til eðli upplýsinganna sem um ræðir og áhættu fyrir skráða



einstaklinga.

Verði öryggisbrestur sem varðar persónuupplýsingar og hefur í för með sér áhættu fyrir skráða einstaklinga mun UMFN tilkynna slíkt án ótilhlýðilegra tafa til Persónuverndar. Í ákveðnum tilfellum ber UMFN einnig að tilkynna skráðum einstaklingum um öryggisbresti. UMFN hefur komið sér upp verkferlum til að bregðast við slíkum aðstæðum.

7. Varðveisla

UMFN geymir persónuupplýsingar í þann tíma sem nauðsynlegt er til að uppfylla tilgang vinnslunnar sem um ræðir nema lengri geymslutíma sé krafist eða hann leyfður samkvæmt lögum. Lög sem okkur ber að fylgja eru til dæmis; lög um bókhald sem kveða á um sjö ára geymslutíma gagna, að þeim tíma liðnum er upplýsingunum eytt.

Upplýsingar sem skráðar eru um einstaklinga í gagnagrunninn Felix, eru geymdar ótímabundið í gagnagrunninum á grundvelli lögmætra hagsmuna.

Sé möguleiki á því að þörf verði fyrir persónuupplýsingar síðar til að uppfylla lagaskyldu eða vegna lögmætra hagsmuna, mun UMFN varðveita þær persónuupplýsingar með eins öruggum hætti og nauðsyn ber til þangað til ekki er lengur þörf á upplýsingunum.

8. Réttindi skráðra einstaklinga

Einstaklingar geta óskað eftir upplýsingum um vinnslur UMFN og einnig geta þeir óskað eftir því að nýta önnur réttindi með því að senda skriflega fyrirspurn á netfangið: umfn@umfn.is. Dæmi um réttindi einstaklinga eru:

- [aðgangur að skráðum persónuupplýsingum](#)
- [afrit af persónuupplýsingum, réttur til leiðréttingar persónuupplýsinga og eyðingar](#)
- [fá upplýsingar um vinnslu með persónuupplýsingar](#)
- [mótmæla vinnslu og/eða takmarka vinnslu](#)
- [draga til baka samþykki fyrir vinnslu](#)
- [óska eftir því að persónuupplýsingar séu fluttar til annars aðila](#)
- [beina kvörtun um vinnslu til eftirlitsyfirvalda](#)

Einstaklingar kunna að eiga frekari réttindi í tengslum við vinnslu UMFN á persónuupplýsingum. Þá kunna réttindi einstaklinga að vera háð takmörkunum sem leiða meðal annars af lögum eða lögmætum hagsmunum UMFN.

Við munum óska eftir staðfestingu á auðkenni þeirra einstaklinga sem virkja réttindi sín, svo sem með ökuskírteini eða vegabréfi til að tryggja það að upplýsingarnar berist ekki í hendur óviðkomandi aðila.

9. Samskipti við UMFN og Persónuvernd

Fyrirspurnum vegna persónuverndarmála UMFN er unnt að beina á netfangið umfn@umfn.is eða í gegnum síma 421-2895.



Komi upp ágreiningur um meðferð persónuupplýsinga hjá UMFN er unnt að senda kvörtun til Persónuverndar. Upplýsingar um hvernig hafa má samband við Persónuvernd má finna á heimasíðu Persónuverndar: www.personuvernd.is.

10. Breytingar

Persónuverndarstefnan er endurskoðuð reglulega og kann því að taka breytingum. Breytingar á stefnunni öðlast gildi við birtingu nýrrar útgáfu persónuverndarstefnunnar á heimasíðu UMFN, sbr.: <http://www.umfn.is/>

UMHVERFISMÁL

UMHVERFISSTEFNA

- UMFN leitast við að halda umhverfinu hreinu og snyrtilegu hvort sem um er að ræða heimaslóðir UMFN eða á þeim stöðum sem iðkendur og/eða félagsmenn eru gestir.
- Félagið hvetur félagsmenn til endurvinnslu og endurnýtingu.
- Félagið hvetur iðkendur til að huga að umhverfi sínu.
- Félagið hvetur til sparnaðar með því að sameinast um bíla þegar sækja þarf íþróttakeppni út fyrir bæjarfélagið.
- Ruslafötur eru settar upp víða við aðstöður sínar
- Tiltekt eftir æfingar/keppnir.
- Endurnýtanleg ílát, s.s. dósir og flöskur eru flokkuð frá öðru sorpi.
- Endurnýting og endurvinnsla á sem flestum sviðum starfseminnar.
- Íþróttasvæðið er reyklaust.
- Orkusparnaður í mannvirkjum félagsins.

Þessi stefna er ekki tæmandi, í sífellt breyttu samfélagi þá aðlagar félagið sig að þeim áskorunum sem kunna að verða.

[Umhverfisstefna UMFN](#)

FYLGISKJAL 1

Eftirfarandi reglur eru settar af unglingaráði KKD Njarðvíkur vegna ferða iðkenda í keppnis- og æfingaferðir. Hefð er fyrir því að iðkendur í 9. flokki safni fyrir keppnis- eða æfingferðum erlendis. Ef ákveðið er að eldri og/eða yngri iðkendur fari með í ferðina skal öllum iðkendum í þeim hópi boðið að vera með. Allir iðkendur sem eru í fjáröflunarhópi hjá félaginu eiga að stunda æfingar vel og



samviskusamlega og vera til fyrirmyndar á æfingum, í keppnum á vegum félagsins sem og utan vallar.

Mikilvægt er að vandað sé til ákvarðana um fjáröflun. Iðkendur og forráðamenn þeirra eiga ávallt að vera vel upplýstir um fyrirhuguð verkefni, kostnað og áætluð fjáröflunarverkefni sem eiga að standa straum af kostnaði. Skýrar reglur þurfa að gilda um meðferð fjármuna.

Óheimilt er að taka upp fjáröflun sem hefð er fyrir að annar aðili innan félagsins stundi, nema með samþykki hans. Þetta ákvæði á þó ekki við um sölustarfsemi til almennings, áheita sem tengjast viðkomandi íþróttagrein eða útgáfustarfsemi. Ábyrgðarmaður fjáröflunar skal tilkynna til formanns unglingaráðs KKD Njarðvíkur um fyrirhugaða fjáröflun, hvers eðlis hún er og hvenær hún mun fara fram.

Ofangreindu til viðbótar gilda eftirfarandi vinnureglur:

1. Áður en byrjað er á fjáröflun á vegum félagsins skal liggja fyrir samþykki stjórnar unglingaráðs KKD Njarðvíkur.
2. Til þess að iðkandi hafi rétt til að fara í slíka ferð og safna fyrir henni í nafni félagsins þurfa öll æfingagjöld til unglingaráðs KKD Njarðvíkur að vera greidd.
3. Fjáröflun einstakra hópa skal vera á vegum foreldraráðs flokksins. Áður en vinna við fjáröflun hefst skal viðkomandi hópur eða foreldraráð ákveða hvaða einstaklingar eru ábyrgðarmenn fjáröflunarinnar og skulu þeir koma fram fyrir hönd hópsins og vera tengiliðir við unglingaráð KKD Njarðvíkur.
4. Allir einstaklingar sem afla fjár í nafni félagsins skulu við fjáröflun alltaf vera merktir félaginu og gefa upplýsingar fyrir hvern og til hvaða verkefnis fjárins er aflað.
5. Áður en endanleg ákvörðun er tekin um verkefni og fjáröflun skal liggja fyrir samþykki forráðamanns iðkenda um heimild til ferðarinnar og um greiðslu aukakostnaðar, komi til þess. Liggja skulu fyrir drög að tímasetningu fararinnar og áætluðum kostnaði á hvern einstakling að þjálfurum og fararstjórum meðtöldum.
6. Mikilvægt er að ákveða sem fyrst hverjir verða ábyrgðarmenn hópsins, fararstjórar, þjálfarar og aðrir sem bera ábyrgð á hópnum frá upphafi til loka ferðar. Fjáröflun hópsins þarf að standa straum af beinum ferða- og dvalarkosti þeirra þjálfara/fararstjóra.
7. Fyrirfram skal liggja fyrir hvernig ágóða af hverri fjáröflun verði varið, þar á meðal hvort ágóði rennur í sameiginlegan sjóð og/eða verði merktur viðkomandi einstaklingi.
8. Fjáröflun skal alltaf miðast við að standa straum af beinum kostnaði vegna viðkomandi ferðar, svo sem beinum ferða-, dvalar- og fæðiskostnaði, ásamt kostnaði við þátttöku í viðburðum sem skipulagðir eru sem hluti af viðkomandi ferð og til kaupa ásameiginlegum æfinga- og utanyfirfatnaði sem hópurinn hefur sammælt um. Þannig er óheimilt að safna fé til einkaneyslu í nafni deildarinnar. Til einkaneyslu telst öll önnur neysla en sem til er stofnað vegna verkefna og viðburða á vegum viðkomandi flokks í ferðinni og hafa verið rædd og samþykkt af foreldrum. Útdeiling á söfnunarfé í nafni félagsins til einkaneyslu er með öllu óheimil.
9. Þurfi einstaklingur af óviðráðanlegum sökum að hætta við þátttöku í verkefninu skal það fé sem hefur safnast í nafni félagsins sett í sameiginlegan sjóð. Hafi iðkandi greitt fé í verkefnið án söfnunar þá skal það fé endurgreitt til viðkomandi.



10. Í lok hvers tímabils skal foreldraráð skila inn til unglingaráðs KKD Njarðvíkur yfirliti (rekstrarreikningi) yfir fjáröflunverkefni; tekjur og til hvaða verkefna fjármunum var varið.

Unglingaráð KKD Njarðvíkur úrskurðar um öll ágreiningsmál sem upp kunna að koma í tengslum við safnanir á vegum félagsins og getur sett nánari reglur um þær og veitt undanþágur ef slíkt telst nauðsynlegt.

Ofangreindar reglur eru settar af Unglingaráði KKD Njarðvíkur í janúar 2013